

Umhverfis- og skipulagssvið  
Reykjavíkurborg  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

# AFRIT

Reykjavík 25. júní 2015  
UST201506-069/H.G.G.  
10.04.03

## **Efni: Deiliskipulag athafnasvæðis á Esjumelum. Skipulagslýsing.**

Vísað er til erindis er barst 10. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna deiliskipulags athafnasvæðis á Esjumelum, Kjalarnesi.

Samkvæmt lýsingunni felur deiliskipulagið í sér stækkun á núverandi athafnasvæði á Esjumelum í samræmi við endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur (AR 2010-2030). Tilgangur deiliskipulagsins er að útbúa fjölbreytt, aðlaðandi og skjólgott umhverfi fyrir atvinnustarfsemi sem ekki hefur teljandi mengunarhættu í för með sér.

Í aðalskipulagi Reykjavíkurborgar er svæðið skilgreint sem AT5 Esjumelar. Skipulagssvæðið er um 50 ha að stærð.

## **Mengunarvarnir**

Fram kemur í lýsingunni að á skipulagssvæðinu verði atvinnustarfsemi sem uppfylli ströngustu kröfur um mengunarvarnir. Umhverfisstofnun bendir á að öll atvinnustarfsemi þarf að uppfylla skilyrði reglugerðar 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.

## **Staðhættir og umhverfi**

Samkvæmt skipulagslýsingunni einkenna ógrónir melar skipulagssvæðið sem og grasmór og graslendi. Þó er tekið fram að stór hluti svæðisins sé votlendi, og að mýrar eða flóar þekji samtals 0,3-0,4 ha. Stór hluti skipulagssvæðisins norðan Norðurgrafarveggar er gróið land. Landið umhverfis skipulagssvæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur og ræktuð tún liggja upp að svæðinu að sunnanverðu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að rask á votlendi sé forðast sé þess nokkur kostur.

Eitt af markmiðum deiliskipulagsins er að skapa skjólgott umhverfi og milda ásýnd svæðisins með markvissri gróðursetningu skjólbelta og trjáa. Umhverfisstofnun tekur undir að haft sé að leiðarljósi að nýr gróður falli vel að umhverfinu og þeim gróðri sem þar er fyrir, ekki síst vegna nálægðar atvinnusvæðisins við skilgreind útivistarsvæði þar sem áhersla er lögð á ræktun og vernd náttúru.

## Tengsl við aðrar áætlanir

Fram kemur að deiliskipulagstillagan sé ekki í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins frá 2002, þar sem gert var ráð fyrir blandaðri byggð á skipulagssvæðinu. Fram kemur að endurskoðun á svæðisskipulaginu sé í vinnslu. Deiliskipulagstillagan samræmist núgildandi aðalskipulagi Reykjavíkur.


## Niðurstaða

Á deiliskipulagssvæðinu er ekki að finna minjar er falla undir 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Virðingarfyllst



Hrönn G. Guðmundsdóttir  
Sérfræðingur



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur